

Til að afla gagna vegna Landbúnaðartryggingar VÍS

Árum saman hefur VÍS (Vátryggingafélag Íslands hf.) verið með sérstaka landbúnaðartryggingu fyrir bændur í hefðbundnum búrekstri. Vátryggingin tekur m.a. til búfjár, heyja og annars fóðurs en upplýsingar um þetta hefur félagið fengið úr forðagæsluskýrslum. Þrátt fyrir að vátryggingarfjárhæð hafi verið miðuð við þessar upplýsingar, hefur raunverulegt magn hverju sinni verið vátryggt og síðan hefur vátryggingarupphæð verið breytt einu sinni á ári miðað við nýjar upplýsingar úr forðagæsluskýrslum.

Vegna laga um persónuvernd nr. 77/2000 þarf félagið að fá samþykki þitt til að geta aflað þessara upplýsinga úr forðagæsluskýrslum svo hægt sé að viðhalda réttum upplýsingum í vátryggingunni.

Umboð

Ég undirritaður/undirrituð veiti hér með Vátryggingafélagi Íslands hf. heimild til að afla upplýsinga um fjölda búfjár og magn fóðurs úr forðagæsluskýrslu minni.

Umboð þetta veitir heimild til að fá þá sundurgreiningu á samsetningu forðagæsluskýrslunnar sem VÍS þarf sem grunn undir Landbúnaðartrygginguna, en ekki til annarra nota. Umboð þetta er heimilt að afturkalla hvenær sem er með skriflegri yfirlýsingu til félagsins. Fara verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Samþykki samkvæmt þessu umboði uppfyllir áskilnað um ótvírætt og upplýst samþykki skv. lögum nr. 77/2000 um persónuvernd.

Vinsamlegast afhentu umboðsmanni VÍS þetta umboð undirritað í meðfylgjandi umslagi merkt Vátryggingafélag Íslands eða til skilaðu því til næstu þjónustuskrifstofu VÍS.

Bæjarnafn _____ Landnúmer _____

Sveitarfélag _____ Sveitarfélagsnúmer _____

Staður og dagsetning

Fullt nafn og kennitala